

þessa rjettar síns, og hvernig hún vilji gjöra það í hverju einstöku tilfelli, og það er því engin ástæða til, að veitingarvaldið leiti álits sóknarnefndarinnar um umsökendurnar og það því síður, sem slíkt myndi hafa í för með sjer annmarka þá, sem þjer, herra biskup hafð bent á. 172
30. okt.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um styrk til að læra skipasmíði.* — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður í brjefi frá 2. þ. m. hefi jeg veitt Jóni trjesmið Gunnlaugssyni 200 kr. styrk af fje því, sem getur um í 9. gr. C. 4. fjárlaganna til þess að leita sjer kunnáttu í skipasmíði erlendis, þannig, að hann megi eiga von um allt að 150 kr. viðbót við þennan styrk, ef hann á komanda vori sendi hingað áreiðanlega vitnisburði um framfarir sínar og ástundunarsemi í tjeðri iðn. 173
4. nóv.

Þetta er tjád yður, herra amtmaður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um alþingishúsið.* — Í skýrstu þeirri, sem þjer, herra landshöfðingi gáfuð í þóknanlegu brjefi frá 14. f. m. um byggingu á húsi handa alþingi og söfnum landsins, hafð þjer meðal annars skýrt ráðgjafanum frá, að nú megi þegar ætla fullsannað, að kostnaðurinn við húsgjörð þessa muni, og það eigi allitíð, fara fram úr upphæð þeirri, sem til hennar er veitt í fjárlögnum. 174
5. nóv.

Þjer hafð í þessu tilliti skýrt frá, að af hinni veittu upphæð 100000 kr. sje nú þegar búíð að ávísa í þarfir hússins samtals 98000 kr., og að stærð þeirrar upphæðar, sem enn muni þurfa til þess að fullgjöra húsið, sje af Bald yfirsmið áætluð 18000 kr., en að aptur megi vonast eptir 2000 kr. ágóða af sölu á stólpagrindum, efnisleyfum o. fl. og megi því reikna, að fjárveitingin verði 14000 kr. of lág; hafð þjer svo lagt það til, að yður verði veitt heimild til að ávísa til útborgunar úr jarðabókarsjóði, í von um aukafjárveiting, bæði upphæð þeirri, sem eptir framansögðu útheimtist til að fullgjöra húsið fram yfir það, sem veitt er til þessa í fjárlögnum, og enn fremur hjer um bil 5000 kr., sem ætla megi, að þurfi til bókaskápa og annara áhalda handa bókastofunum í húsinu.

Út af þessu lætur ráðgjafinn ekki dragast þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frækari ráðstöfunar, að ofannefnd tillaga yðar er hjer með samþykkt.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um eptirlaun af prestakalli.* — Þjer hafð, herra landshöfðingi, skýrt frá því í þóknanlegu brjefi frá 9. f. m., að presturinn að Stafafelli sjera Páll Pálsson hafi lagt þann skilning í lög frá 27. febr. þ. á. um eptirlaun presta, að skylda sú, sem hingað til hefir hvílt á honum til að greiða uppgjafaprestinum síra Bjarna Sveinssyni eptirlaun af tekjum prestakalls þessa, sje við nefnd lög horfin á landssjóð frá fardögum þ. á., þegar þau öðluðust gildi. Jafnframt því hafð þjer skotið spurningunni um skylðu landssjóðs til að greiða eptirlaun þessi til úrslita ráðgjafans, en sjálfur hafð þjer lagt þann sama skilning í lög þessi, sem 175
6. nóv.

175 6. nóv. Þjer áður höfðuð látið í ljósi við umræðurnar á alþingi, að lögin hafi enga breytingu gjört á skyldum presta til að greiða af tekjum prestakalla sinna eptirlaun þau, sem af þeim bar að greiða samkvæmt eldri lögum, og áður en þessi lög öðluðust gildi.

Út af þessu skal eigi undan fellt að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn er yður samdóma um, að lög þessi eigi að skiljast á þann hátt, sem þjer hafið tekið fram.

176 18. nóv. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um lán til að byggja barnaskólahús.* — Til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir hlutaðeigöndum skal yður, herra amtmaður, þjer með þjónustusamlega tjáð, að jeg samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar í Kjósarhreppi hefi veitt nefndum hreppi úr viðlagasjóði 1000 kr. lán gegn 4% ársvöxtum til að byggja barnaskólahús, og hefir hlutaðeigandi sýslunefnd veitt samþykki sitt til slíkrar lántöku samkvæmt 26. gr. sveitarstjórnartilsk. 4. maí 1872. Lán þetta skal ávaxtað og endurborgað með 6% á ári hverju af hinni upprunalegu upphæð þess.

177 19. nóv. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um verðlaun handa jarðyrkjumanni.* — Samkvæmt tillögum meiri hluta amtsráðsins samþykkist þjer með, að 250 kr. af hluta suðurumdæmisins af fje því, er með 9. gr. 4. fjárlaganna er veitt til eflingar búnaði, megi greiðast jarðyrkjumanni Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal sem verðlaun fyrir að innleiða skotska ljái í landið.

Þetta er þjer með tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, og sendi jeg yður þjer með jarðabókarsjóðsávísun á nefnda upphæð.

178 20. nóv. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um flutning á þingstað.* — Áður en meira er gjört út af brjefi yðar, herra amtmaður, frá 5. þ. m. um, að hvor hinna nýju hreppa, er Álptaneshreppi í Gullbringusýslu 17. september 1878 var skipt í, verði gjörður að sjerstakri þingsókn, annar með þingstað í Hafnarfirði, hinn með þingstað á Bessastöðum, bið jeg mjer skýrt frá, hvort hreppsnefndin í Bessastaðahreppi sje fús á að taka að sjer skuldbindingu til að sjá um, að eptirleiðis verði til taks rúm Gott og óaðfinnanlegt þinghús á Bessastöðum, og hvort eigandi þessarar jarðar samþykki, að slík kvöð verði lögð á jörð hans um aldur og æfi.

Að öðru leyti vil jeg taka fram, að ekkert sje því til fyrirstöðu, að þjer, herra amtmaður, samþykkið samkomulag milli hins núverandi eiganda Bessastaða og hlutaðeigandi hreppstjóra og hreppsnefndar um, að framtalsþing og önnur hreppsþing verði haldin um lengri eða skemmri tíma á Bessastöðum; sömuleiðis álit jeg það hentugt með tilliti til skattheimtunnar og fullkomlega leyfilegt fyrir sýslumann að halda aukamantalsþing á Bessastöðum. Að því er aptur á móti snertir skipting á Álptanessþinghá, sem rjettarþinghá, þá virðist þetta varla geta átt sjer stað, öðruvísi en með lögum.

179 2. des. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um sparísjóð í Höfðahverfi.* — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í brjefi